

Titill: Fræðalestur í sálfræði

Skammstöfun: SÁLF3CL03/3DL03

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Fræðalestur

Prep: 3

Einingafjöldi: 3

Forkröfur: 15 einingar í sálfræði

Lýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á að auka við þekkingu sína í sálfræði.

Tilgangurinn með áfanganum er að gefa nemendum færi á að dýpka þekkingu sína á undirgreinum sálfræðinnar með lestri á fræðabókum og fræðigreinum. Nemandi velur bækur og greinar í samráði við kennara.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum og ólíkum sjónarhornum sem tengjast sálfræðinni í víðum skilningi
- sálfræði sem nútíma vísindagrein
- vísindaskrifum og framsetningu á vísindalegri þekkingu
- orðaforða og hugtökum sem tengjast sálfræði sem vísindagrein
- aðferðarfræði og ályktunum sem eru dregnar af tölfræðilegum gögnum
- mikilvægi siðareglna í rannsóknum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá eigin skoðanir á rannsóknum innan sálfræðinnar
- mynda sér skoðun á ýmsum þáttum vísindalegrar sálfræði
- lesa og skilja vísindalegan texta, hvort sem er á íslensku eða ensku
- lesa fræðitexta á gagnrýninn hátt
- túlka niðurstöður, lesa úr töflum og greina tölfræðilegar niðurstöður
- æfa sig í rökræðu og að geta rökstutt eigin skoðanir með vísun í rannsóknir

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- horfa á vísindi og rannsóknir með gagnrýnum hætti
- ígrunda eigin skoðanir og koma þeim í orð í ræðu og riti
- meta gæði fræðitexta á sjálfstæðan hátt
- meta siðferðislegar áskoranir í rannsóknum
- tengja sálfræðileg hugtök við daglegt líf, líðan og hegðun

Námsmat: lestrardagbækur og skilafundir með kennara.